



## Fundargerð 3. fundar stjórnar SSA haldinn 6. október 2020

### Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 14:30

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 2. fundi stjórnar SSA – *Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt.*
- 1.2 Fundargerð 2. fundar framkvæmdaráðs – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar.*
- 1.3 Fundargerðir stjórnar SSH (501), SSVN(Boð), Vestfjarðastofa (29), SSNE (12, dagskrá þings), SASS (561), SSS (759) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.4 Fundargerðir Sambandsins (887,888) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.5 Fundargerðir Byggðamálaráðs (9,10) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.6 Leigufélagið Bríet – *Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar fundarbeiðni frá leigufélaginu Bríet.*
- 1.7 Endurskoðun Byggðaáætlunar – *Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar fundarboð frá Byggðastofnun um endurskoðun Byggðaáætlunar.*
- 1.8 Umdæmi héraðsdýralækna – *Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar umdæmisskiptingu héraðsdýralækna.*
- 1.9 Evrópuvikan – *Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar boð á rafrænt þing ESB sem hefst frá 5.oktober.*
- 1.10 Styrkir vegna Covid 19 – félagsþjónusta og barnavernd – *Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar auglýsingu frá Byggðastofnun um styrki til félagsþjónustu og barnaverndar vegna covid 19.*

### 2. Innra starf SSA

#### 2.1 Haustþing SSA

*Framkvæmdastjóri kynnti dagskrá Haustþings SSA sem fer fram á Zoom í ljósi sóttvarnaraðgerða og fjöldatakmarkanna. Þingið hefst kl 11:00 og mun það standa yfir í klukkustund. Farið var yfir hlutverk og og starfsmenn fundarins sem og niðurstöðu kosninga um Menningarverðlaun SSA.*

*Formaður lagði fram til kynningar drög að ályktun Haustþings SSA 2020 og var hún samþykkt af stjórn án athugasemda.*

*Unnin var áfram tillögu að stjórnarlausnum og hún samþykkt samhljóða.*

*Framkvæmdastjóra er falið að kynna tillöguna á haustþinginu.*



Framkvæmdastjóri kallaði eftir skipunum í kjörnefnd og kjörbréfanefnd og bað stjórnarmenn að skila til sín nöfnum fyrir fimmtudag.

## 2.2 Svæðisskipulag

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Skipulagsstofnun hefur samþykkt að taka þátt í hluta þess kostnaðar sem áfallinn er. Skipulagsstofnun leggur til að á grundvelli breyttra sveitafélagaskipan sé skipað í nýja svæðisskipulagsnefnd. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi hjá nýrri stjórn.

## 2.3 Greining á þróun útsvarstekna

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar greiningu á þróun útsvarstekna hjá sveitarfélögunum á Austurlandi.

## 2.4 Sögufélag Austurlands

Formaður lagði bréf frá Sögufélagi Austurlands fram til kynningar. Málið verður tekið upp á næsta fundi.

## 2.5 Byggðaaætlun

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar auglýsingu frá Samgöngu og Sveitastjórnarráðuneytinu um að opnað hafi verið fyrir umsóknir um C1 verkefni. Framkvæmdastjóri kallaði eftir tillögum frá stjórn fyrir næsta fund um fyrirkomulag og verkefni.

## 2.6 Atvinnuþróunarsjóður Austurlands – Hús handanna

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um að Atvinnuþróunarsjóðurinn hefði afsalað sínum hlut í Húsi handanna til Sam-félagsins.

## 3. Umsagnir. Eftirfarandi umsagnir voru lagðar fram til kynningar:

3.1 Samráðsgátt – Drög að frumvarpi um opinberan stuðning við nýsköpun (frestur 9. okt)

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2791#advices](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2791#advices)

3.2 Samráðsgátt – Drög að frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð (frestur 9. okt)

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2790](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2790)

3.3 Fjárlaganefnd - frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021, 1. mál. (frestur 19. okt)

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/151/s/0001.pdf>

3.4 Fjárlaganefnd - þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025, 2. mál. (frestur 19. okt)

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/151/s/0002.pdf>

## 4. Önnur mál

Engin önnur mál. Fundi slitið kl 16:20

\_\_\_\_\_  
Einar Már Sigurðarson

\_\_\_\_\_  
Gunnar Jónsson

\_\_\_\_\_  
Hildur Þórisdóttir

\_\_\_\_\_  
Pálína Margeirsdóttir

\_\_\_\_\_  
Gauti Jóhannesson

\_\_\_\_\_  
Sigríður Bragadóttir

\_\_\_\_\_  
Stefán Bogi Sveinsson